



Heilbrigðisráðuneytið  
Samráðsgátt mál nr. 47/2021

Reykjavík 1. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030.

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál.

Samtökin fagna því að fram sé að koma ný lýðheilsustefna og gera eftirfarandi tillögur að úrbótum og breytingum:

Í drögum þingsályktunartillögunnar kemur m.a. fram að með lýðheilsu sé átt við heilsueflingu og forvarnir sem miða að því að viðhalda og bæta heilbrigði fólks. Barnaheill benda á að einnig þarf að tilgreina að ekki eigi einungis að viðhalda og bæta heilbrigði, heldur koma í veg fyrir hvers kyns sjúkdóma sem lífsstíll, lífskjör og/eða önnur staða getur valdið. Víðtæk og öflug fræðsla um heilbrigði og vellíðan er mikilvæg í námi barna frá upphafi leikskólagöngu og tryggja þarf að foreldrar séu upplýstir um mikilvægi þess að stuðla að heilbrigðum lífsháttum barna sinna.

Einnig kemur fram að stuðla eigi að markvissri heilsueflingu og forvörnum, á réttum stöðum innan heilbrigðisþjónustu, m.a. með ráðgjöf um heilbrigða lifnaðarhætti og forvarnir fyrir einstaklinga og hópa, m.a. á sviði næringar, hreyfingar, geðræktar, tannverndar, kynheilbrigðis, áfengis- vímu- og tóbaksvarna.

Barnaheill vilja áréttta að tryggja þarf jafnræði og félagslegt réttlæti til að allir hafi kost á að nýta sér þessa þjónustu sem talin er upp. Félagsleg staða, s.s. fátækt getur komið í veg fyrir það.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að stjórnvöld skuli stuðla að því að allir hafi viðeigandi þekkingu og færni til að taka upplýstar ákvarðanir um heilsueflingu og forvarnir og geti þannig betur borið ábyrgð á eigin heilsu, svo sem með því að auka heilsulæsi og færni almennings með markvissum hætti, m.a. með fræðslu í heilsugæslu og í menntakerfi landsins.

Barnaheill taka undir það sem hér er sagt en jafnframt vilja samtökin nefna að viðeigandi þekking er ekki nóg fyrir alla, heldur er stuðningur nauðsynlegur fyrir þá sem ekki hafa forsendur til að tileinka sér heilsulæsi eða færni til að bera ábyrgð á eigin heilsu.

Lýðheilsustefnan þarf að byggja á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, eins og fjallað er um í greinargerð með tillögunni, tryggja þarf jafnræði, jöfnuð og félagslegt réttlæti þegar unnið er að lýðheilsuáttum og í heilbrigðisþjónustu. Að uppræta fátækt, efla þekkingu á heilbrigðum lífsháttum og stuðla að valdeflingu er ein besta leiðin til þess. Jafnframt þarf að tryggja að þeir sem veita þjónustuna hafi frumkvæði að því en ekki sá sem þarf og þiggur þjónustu, þar sem ekki hafa allir forsendur til þess. Til þessa hafa kerfi verið flókin og fólk ekki vitað af rétti sínum eða þjónustu sem er í boði, mikill tími hefur farið í öflun upplýsinga og leit að þjónustu. Þetta á ekki síst við um foreldra sem eignast börn með einhvers konar frávík eða sjúkdóma. Mikilvægt er að bæta það.



Í greinargerðinni er fjallað um að efnahagslegir, félagslegir og umhverfisþættir geti haft áhrif á lýðheilsu. Barnaheill taka undir það og áréttu mikilvægi þess að litið sé á lýðheilsu út frá rétti einstaklinga, þ.m.t. barna til að njóta besta mögulega heilsufars, sbr. 24. gr. Barnasáttmálans.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.